

## Harpa

Harpan er ævafornt hljóðfæri sem á sér langa sögu í menningu margra þjóða. Nú á dögum er harpa notuð í klassískri tónlist af ýmsum toga auk þess sem hún hefur um margra alda skeið verið mikilvægt hljóðfæri í þjóðlegri tónlist ýmissa þjóða.



Fram til þessa hafa hörpuleikarar hérlendis verið fáir. Lítið er vitað um hörpuleik á fyrri öldum en í þau fáu skipti sem harpa er nefnd í íslenskum heimildum er óljóst hvers konar hljóðfæri átt er við.

Til eru ýmsar gerðir af hörpum og krefjast sumar hverjar mjög sérhæfðar tækni. Hér á landi hefur verið kennt á tvær hörpugerðir, annars vegar keltneska eða litla hörpu og hins vegar konsert- eða stóra hörpu. Báðar krefjast þær sambærilegrar fingrataekni en hafa hvor sitt kerfi til að breyta tónhæð strengja. Litla harpan hefur nokkurs konar króka sem hreyfðir eru með höndum en stóra harpan hefur fótstig eða pedala sem báðir fætur stjórna.

Ungir nemendur eiga auðveldara með að hefja nám á litla hörpu. Stærð hennar hentar betur, fætur þurfa ekki að ná til gólfs og strengirnir eru alla jafna slakari en á stórra hörpu. Auk þess er litla harpan í flestum tilfellum ódýrari. Nám á stóra pedalhörpu getur hafist þegar nemendur hafa líkamlega burði til að leika á hljóðfærið, oftast við 12 til 13 ára ára aldur. Hefji nemendur nám á litla hörpu er gert ráð fyrir að þeir skipti yfir á pedalhörpu eigi síðar en við upphaf framhaldsnáms.

Nauðsynlegt er að nemendur hafi hörpu til æfinga heima fyrir. Ganga þarf úr skugga um að nemandi noti stól í réttari hæð og hafi skemil fyrir fætur ef þörf krefur. Nótnapúlt þarf einnig að vera fyrir hendi. Gæta þarf þess að hljóðfæri standi á stað þar sem það getur ekki dottið eða orðið fyrir hnjaski. Sömu aðstæður þurfa einnig að vera fyrir hendi í tónlistarskólum hvort sem um litlar hörpur eða pedalhörpur er að ræða.

Hörpunám byggir í byrjun mjög á einleik en þar sem harpan er mikið notuð sem samleikshljóðfæri, er æskilegt að ýmiss konar samleikur skipi stóran sess í náminu.

*(Aðalnámskrá tónlistarskóla)*